



Bæjarstjórn Reykjanesbæjar
b/t Kjartans Más Kjartanssonar bæjarstjóra
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ

Reykjanesbæ, 22. febrúar 2021

Stjórn HS Veitna hf hefur ákveðið að boða til aðalfundar félagsins mánudaginn 22. mars 2021 á Brekkustíg 36, Reykjanesbæ og hefst hann kl. 16.00.

Dagskrá fundarins er þannig, samanber 13. gr. samþykka félagsins:

1. Fundarsetning; Guðbrandur Einarsson, stjórnarformaður.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á næstliðnu starfsári.
4. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar ásamt skýrslu endurskoðenda og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og um arðgreiðslur og framlög í varasjóð.
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
6. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
7. Breytingar á samþykktum félagsins sbr. 22. grein samþykka félagsins.
8. Kosning stjórnar félagsins sbr. 16. grein.
9. Kosning endurskoðenda sbr. 21. grein.
10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Á áðurnefndum stjórnarfundum samþykkti stjórnin einnig að leggja eftirfarandi tillögu fyrir aðalfund:

Lagt er til að keypt verði eigin bréf fyrir 500 m.kr. og að verðið verði sem næst innra virði samkvæmt uppgjöri ársins 2020 eða 17,0068. Að kaupunum frágengnum verði hlutafé félagsins fært niður samsvarandi.

Kauptilboðin verða þá þannig:

Eignaraðili	Keypt bréf	Kaupverð	Eign eftir sölu
Reykjanesbær	14.729.400	250.500.000	412.673.700
HSV eignarhaldsfélag slhf	14.641.200	249.000,000	410.202.600
Suðurnesjabær	29.400	500.000	823.700
Samtals	29.400.000	500.000.000	823.700.000

Samþykki aðalfundur tillöguna er æskilegt að viðbrögð hluthafa við tilboðinu liggi fyrir sem fyrst til að unnt sé að ganga frá málinu. Þá verða gefin út ný hlutabréf og hluthafar skila inn núgildandi hlutabréfum.

Varðandi samþykktir þá er lagt til að breyting verði gerð á 4. grein þar sem nú segir "Hlutfé félagsins er 853.100.000 króna" og í staðinn komi "Hlutfé félagsins er 823.700.000 króna" .

„Athygli er vakin á því að í 63. gr. a. hlutfélagalaga er ákvæði um að tilkynna skuli skriflega **skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund**, þar sem kjósa á félagsstjórn, um framboð til stjórnar í hlutfélagi sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.-3. mgr. [98. gr. laga nr. 3/2006](#), um ársreikninga. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skuli geta auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutfjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.“

Jafnframt er vakin athygli á lögum um kynjahlutföll og að þar sem aðalmenn eru fjórir af öðru hvoru kyni þá verði varamenn þrír af því kyni.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar HS Veitna hf



Júlíus Jónsson
forstjóri